

Ed. 442. Tillaga til þingsályktunar [216. mál]

um eflingu innlendar lyfjaframleiðslu.

Flm.: Helgi F. Seljan, Stefán Jónsson, Ragnar Arnalds, Geir Gunnarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa frv. á þá lund, að innlend lyfjaframleiðsla njóti forgangs umfram innflutt lyf, sé hún fyllilega samkeppnisfær.

Að því leyti sem innlend lyf eru talin jafngóð erlendum, verði læknum lögð viss skylda á herðar að nýta þau umfram hin erlendu lyf.

Jafnframt verði stuðlað að fjölbreyttari lyfjaframleiðslu en nú er.

Greinargerð.

Miklar umræður um verðmismun erlendra og innlendra lyfja hafa vakið athygli og ýmsar spurningar.

Ljóst er að svör fást ekki, né úrbætur, nema með nákvæmri athugun færustu aðila, og ótvírætt þarf sú athugun að fara fram og ráðstafanir í kjölfar hennar.

Æskilegt hlýtur að teljast, að lyf séu sem ódýrust, og þegar margfaldur verðmismunur kemur fram, þá er von að krafist sé skýringa og aðgerða.

Þrátt fyrir það að fram kemur, að innlend lyf, jafngild hinum erlendu að áhrifum, eru í sumum tilfellum margfalt ódýrari, eru erlendu lyfin flutt inn og á þau vísað e. t. v. jafnmikið eða meira. Þá er von að við sé staldrað og þess krafist að vissar lágmarksráðstafanir séu gerðar.

Í tíð vinstri stjórnar voru lögð fram viðamikil frumvörp um lyfjaframleiðslu og sölu, þar sem þessi mál voru tekin til vandlegrar meðferðar. Núverandi ríkisstjórn hefur svæft meginhugmyndir þeirra frumvarpa.

Róttækra kerfisbreytinga er því síður en svo að vænta. En lágmarkskrafa hlýtur að vera sú sem þessi tillaga gerir ráð fyrir: Annars vegar að innlend lyfjaframleiðsla njóti forgangs, einkum þar sem hún er fyllilega samkeppnisfær við erlenda framleiðslu, og hins vegar að læknum sé gert að miða lyfseðlaútgáfu við það að öðru jöfnu að innlend lyf sitji í fyrirrúmi þar sem þau gefa jafngóðan árangur og þau erlendu.

Hér er um svo mikilvægt atriði fyrir sjúklinga, sjúkratryggingar, innlenda lyfjaframleiðslu og þjóðarhag að ræða, að þess verður að krefjast að ýtrustu ráðstafanir séu gerðar í þá átt, sem tillagan gerir ráð fyrir.

Nánar verður gerð grein fyrir tillögunni í framsögu.